

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vef-áskrift og pappírsáskrift.

Ráðuneytið kaupir samtals 13 dagblöð og héraðsfréttablöð í pappírsáskrift en vefáskrift er í einhverjum tilvikum innifalin í verði. Keypt eru níu eintök af Morgunblaðinu, sex eintök af Viðskiptablaðinu, tvö eintök af DV, tvö eintök af Skessuhorni, eitt eintak af Bændablaðinu, BB Ísafirði, Feyki, Vikudegi, Austurglugganum, Eyjafréttum, Sunnlenska, Víkurfréttum og Hellunni. Ráðuneytið kaupir auk þess fjórar vefáskriftir að Financial Times. Þróunar-samvinnustofnun Íslands kaupir engin blöð í áskrift.

2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Ráðuneytið greiðir samtals 84.756 kr. á mánuði fyrir framangreindar áskriftir og skiptist kostnaðurinn sem hér segir:

	Kr. á mánuði
Morgunblaðið	35.973
Viðskiptablaðið	18.000
DV	4.464
Financial Times	12.500
Skessuhorn	3.760
Bændablaðið	117
BB Ísafirði	1.395
Feykir	1.304
Vikudagur	1.800
Austurglugginn	1.400
Eyjafréttir	1.245
Sunnlenska	1.090
Víkurfréttir	708
Hellan	1.000